



17. september 2021  
Tilv.: 2107092

Númer: 50/2021

Dreifibréf til verðbréfafyrirtækja, lánastofnana, rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða og annarra sem málið varðar.

*Efni:* Viðmiðunarreglur ESMA um flókna skuldagerninga og samsettar innstæður

Evrópska verðbréfaeftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur um flókna skuldagerninga og samsettar innstæður (ESMA/2015/1787 Guidelines on complex instruments and structured deposits). Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á fót samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES. Markmið þeirra er að tryggja samleitni í flokkun á einföldum og flóknum fjármálagerningum. Í viðmiðunarreglunum er að finna tilgreindar forsendur fyrir mati á annars vegar flóknum skuldagerningum og hins vegar samsettum innstæðum þar sem erfitt getur verið fyrir viðskiptavinum að átta sig á óvissu um ávöxtun eða kostnað. Þá er viðmiðunarreglunum einnig ætlað að skýra nánar innbyggðar afleiður.

Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar hér:

[https://www.esma.europa.eu/sites/default/files/library/2015-1787\\_-\\_guidelines\\_on\\_complex\\_debt\\_instruments\\_and\\_structured\\_deposits.pdf](https://www.esma.europa.eu/sites/default/files/library/2015-1787_-_guidelines_on_complex_debt_instruments_and_structured_deposits.pdf)

Þann 1. september 2021 tóku gildi lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Eftirfarandi ákvæði laganna gilda um verðbréfafyrirtæki og lánastofnanir þegar þau selja viðskiptavinum samsettar innstæður eða ráðleggja þeim um þær: 4.–6. mgr. 10. gr., 19. gr., 1. og 2. mgr. 21. gr., 22. gr., 1. mgr. 23. gr., 32.–41. gr., 44.–47. gr., 49. gr., 52. gr. og 8. og 9. þáttur auk I. kafla VII. hluta MiFIR. Skilgreiningu á samsettum innstæðum má finna í 51. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Í 5. mgr. 45. gr. laganna er kveðið á um að verðbréfafyrirtæki sé heimilt að veita fjárfestingarþjónustu án þess að afla upplýsinga eða framkvæma mat á tilhlýðileika að uppfylltum tilteknum skilyrðum þegar um er að ræða framkvæmd eða móttöku og miðlun fyrir mæla, með eða án viðbótarþjónustu. Umræddar viðmiðunarreglur eru nánari útfærsla á ákvæðinu.

Viðmiðunarreglurnar ná til verðbréfafyrirtækja og lánastofnana, rekstrarfélaga verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða eftir því sem við á, sbr. 2.–4. mgr. 1. gr. laga nr. 115/2021.

Viðmiðunarreglunum er skipt í fjóra hluta:

SEÐLABANKI ÍSLANDS

1. *Skuldagerningur sem felur í sér afleiðu.*
2. *Skuldagerningur með uppbyggingu sem gerir viðskiptavininum erfitt að skilja áhættuna sem í honum felst.*
3. *Samsettar innstæður með uppbyggingu sem gerir viðskiptavininum erfitt að skilja óvissu um ávöxtun.*
4. *Samsettar innistæður með uppbyggingu sem gerir viðskiptavininum erfitt að skilja kostnaðinn við lokun fyrir lokadagsetningu.*

Þá er einnig að finna í viðmiðunarreglunum dæmi um fjármálagerninga sem geta fallið undir ofangreinda flokka.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum.

Dreifibréf þetta mun birtast á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á ensku útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlitið mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglunar við eftirlitsframkvæmd.

Fjármálaeftirlitið beinir því til verðbréfafyrirtækja, lánastofnana, rekstraraðila verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

*Páll Friðriksson*

Páll Friðriksson  
framkvæmdastjóri  
markaðir og viðskiptahættir

*Inga Dröfn Benediktsdóttir*

Inga Dröfn Benediktsdóttir  
forstöðumaður  
markaðir og viðskiptahættir